



Umhverfis- og orkumálaráðuneytið
Umhverfismálaráðherra
Karolina Skog

Nordiska rådet
Ved Stranden 18
1061 København K
Danmark

Svar við skriflegri fyrirspurn E1/2018 til ríkisstjórna Norðurlanda um norrænt samstarf til að draga úr magni örplasts í hafinu
Fyrirspurn:

1. Hvaða ráð til að draga úr magni örplasts í hafinu, þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda geta átt samstarf, hafa verið fundin til þessa?
2. Er tímabært að taka frumkvæði að norrænu samstarfi um gerð reglna varðandi notkun gervigrass innan ramma norrænu plastáætlunarinnar?

Svar frá ríkisstjórnnum Norðurlanda:

1. Hvaða ráð til að draga úr magni örplasts í hafinu, þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda geta átt samstarf, hafa verið fundin til þessa?

Áskoranir vegna mengunar hafsins og útbreiðslu örplasts eru ofarlega á dagskrá hjá ríkisstjórnnum allra Norðurlandanna. Við höfum gert okkur grein fyrir alvöru málsins á undanförunum árum. Enn er margt sem ekki er vitað um áskoranir vegna örplasts, bæði með tilliti til uppruna örplasts og útbreiðslu, og þeirra áhrifa sem það hefur á fólk og umhverfi. Verkefnum hefur verið hrint af stað á Norðurlöndunum, meðal annars til að öðlast aukna þekkingu á ástæðum útbreiðslu örplasts og þeim aðgerðum sem eru í gangi. Í mörgum landanna er nú unnið að framkvæmd aðgerða gegn útbreiðslu örplasts, auk þess sem alþjóðlegu starfi á þessu sviði er fylgt eftir.

Eins og stendur, þar sem mat og framkvæmd aðgerða gegn útbreiðslu örplasts eru nánast á byrjunarstigi í hverju norrænu landanna, þykir fullsnemmt að eiga samstarf um beinar norrænar aðgerðir til að draga úr magni örplasts í hafinu. Samt sem áður fer fram mikilvægt samstarf á Norðurlöndum þegar kemur að áskorunum tengdum örplasti, til dæmis með tilliti til að auka þekkingu á vandanum. Í maí í fyrra náðu Norðurlöndin samstöðu um norræna plastáætlun, þar sem mörg markmiðanna eru mikilvæg með tilliti til að draga úr losun plasts/örplasts í hafið. Eftirfarandi verkefnum hefur verið hrint af stað eða eru á byrjunarstigi (umsjónarhópur, staða):

Markmið 9: Norræna áætlunin um að draga úr umbverfisábrifum plasts eykur þekkingu á útbreiðslu og afdrifum plastagna í umhverfinu.

- Örplast í dýralífi á sjávarbotni og setlög á sjávarbotni norðurhafa (HAV¹, yfirstandandi).
- Örplast, plastagnir á bilinu 5 til 25 mm og plastagnir stærri en 25 mm í mikilvægum fisktegundum á hafsvæðum Norðurlanda (HAV, tilbúin).
TN (TemaNord) skýrsla: [Micro-and macro-plastics in marine species from Nordic waters](#)
- Örplast í botnsjávarfiskum og dýrum milli strand- og hafsvæða Norðurlanda, að meðtöldum þeim afleiðingum sem örplast getur haft á atvinnugreinar bláa lífhagkerfisins á Norðurlöndum (norskt formennskuverkefni, yfirstandandi).
- Úrgangur í hafi – kortlagning á örplasti frá söfnunarstöðvum (NAG²+HAV, yfirstandandi).
- Algengi og edlisfræði- og efnafræðileg einkenni vegryks, málningarflagna/litar, trefja og annars fingerðs úrgangs frá borgum í sjó á strandsvæðum Norðurlanda (HAV, yfirstandandi/tilbúin).

Markmið 10: Norræna áætlunin um að draga úr umbverfisábrifum plasts eykur við hina vaxandi þekkingu á ábrifum plastagna á lífríki sjávar, vatnsumhverfi, heilsu manna og sjávar tengdar atvinnugreinar.

- Örplast í botnsjávarfiskum og dýrum milli strand- og hafsvæða Norðurlanda, að meðtöldum þeim afleiðingum sem örplast getur haft á atvinnugreinar bláa lífhagkerfisins á Norðurlöndum (norskt formennskuverkefni, yfirstandandi).
- Greining á gerð plasts í fýlum (HAV, á byrjunarstigi/yfirstandandi).

Markmið 11: Norræna áætlunin um að draga úr umbverfisábrifum plasts eflir aðgerðir og upphýsingamiðlun um reynslu milli Norðurlandanna um að draga úr losun plastagna sem eiga upptök sín á landi.

¹ Norræni starfshópurinn um málefni hafsins

² Úrgangshópur Norrænu ráðherranefndarinnar

Fulltrúar norrænna umhverfisyfirvalda hittust einu sinni á árinu 2017 til að miðla reynslu og ræða forsendur frekara samstarfs. Kortlagning á vinnu norrænu landanna hvers í sínu lagi með plast og örplast hefur farið fram.

Markmið 12: Norræna áætlunin um að draga úr umhverfisáhrifum plasts styður við þróun alþjóðlega sambæfðra skilgreininga, iðorða og aðferða til að mæla og hafa eftirlit með áhrifum af og þróun á plastúrgangi og plastögnum í umhverfinu.

- Litsjargreining á örplasti í sjávarsýnum verði bætt og samræmd. (HAV, yfirstandandi)
- Samræming á sýnatöku og greiningu á örplasti á hafsvæðum Norðurlanda (HAV, á byrjunarstigi/yfirstandandi).

Norðurlöndin hafa einnig sent fjölda sameiginlegra tillagna til framkvæmdastjórnar ESB í tengslum við starf þeirra að plaststefnu ESB. Hér var meðal annars lögð áhersla á þörfina fyrir aðgerðir gegn örplasti á vegum ESB. Plaststefnan var lögð fram af framkvæmdastjórn ESB fyrr á þessu ári og beinar aðgerðir hafa verið boðaðar gegn örplasti.

Norðurlöndin, sem einnig eru aðilar að Helcom, hafa náð samstöðu um aðgerðaáætlunina *Helcom Marine Litter Action Plan* og aðgerðir varðandi örplast í Eystrasalti. Það felur meðal annars í sér þróun hugtaka og aðferða við eftirlit sem og að mat á kvótum fyrir örplast og plastagnir sem eru stærri en 25 mm verði tengt sambærilegu starfi á vegum ESB.

2. Er tímabært að taka frumkvæði að norrænu samstarfi um gerð reglna varðandi notkun gervigrass innan ramma norrænu plastáætlunarinnar?

Í mörgum norrænu landanna fer fram starf sem tengist gervigrassvöllum, bæði á vegum sveitarfélaga og ríkis. Ríkisstjórnir Norðurlanda líta jákvæðum augum samstarf um málið með sameiginlegri miðlun þekkingar og reynslu. Samstarfið getur annað hvort farið fram í óformlega plastsamstarfinu milli stjórnvalda eða sem liður í framkvæmd norrænu plastáætlunarinnar.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja að fyrirspurninni sé hér með svarað.

Karolina Skog